

Pétur Henry Petersen

Læknadeild HÍ

Vatnsmýrarvegur 16

101 Reykjavík

Varðandi: Umsögn um umsókn ORF líftækni, dagsett 28 janúar 2021, um leyfi til sleppingar erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en til markaðssetningar.

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur hefur kynnt sér umsóknina og fylgiskjöl. Það er niðurstaða nefndarinnar að áhættumat sé raunhæft og faglega unnið. Um er að ræða plöntu sem ekki þrífst í íslenskri náttúru nema með aðstoð, plantan er sjálfsfrjóvgandi og ekki eru miklar líkur á því að hún geti víxlfrjóvgast – hvorki við annað bygg á ræktunarlandi, né við aðrar háplöntur í íslenskri náttúru. Þó það gerðist, sem er nær útilokað eða mjög ólíklegt, myndi erfðabreytingin hvorki vera skaðleg né auka hæfni í náttúrunni. Varnir, vöktun og viðbrögð vegna mögulegrar sleppingar frá ræktunarreit eru vel skipulagðar og vel skýrðar – m.a. verða ræktunarreitir fyrir óerfðabreytt bygg í a.m.k. 300 m fjarlægð frá tilraunaræktinni og einnig mun 10 m breitt varnarsvæði hafra umlykja ræktunarreiti með erfðabreyttu byggi sem dregur úr dreifingu frjókorna frá ræktunarreitunum. Það er einnig mat nefndarinnar að fimm ár séu heppilegur tími til að fá reynslu á tilraunina og að það sé mikilvægt (og kemur fram) við hvaða aðstæður væri rétt að stöðva ræktunina.

Virðingarfyllst

F.h. ráðgjafarnefndar um erfðabreyttar lífverur

Pétur Henry Petersen, formaður

